



Hafnarnefndarfundur

Mánudaginn 16. nóvember 2009 var haldinn fundur í hafnarnefnd á skrifstofu sveitarfélagsins kl 16.00. Á fundinn voru mættir: Adolf H. Berndsen, Árni Sigurðsson, Sævar Hallgrímsson, Gunnar Sveinsson, Jóhann Sigurjónsson og Magnús B. Jónsson sveitarstjóri.

Formaður, Adolf H. Berndsen setti fundinn og stjórnaði honum.

1. Fjármál hafnarinnar

a. Ársreikningur hafnarsjóðs 2008

Samkvæmt rekstrarreikningi ársins voru heildartekjur hafnarinnar 30.093 þús. en rekstrargjöld 21.238 þús. Rekstrarniðurstaða ársins var jákvæð um 8.855 þús. Ekki voru gerðar athugasemdir við ársreikninginn.

b. Endurskoðun fjárhagsáætlunar 2009.

Fyrir fundinum lá vinnuáætlun vegna endurskoðunar fjárhagsáætlunar 2009 sem formaður kynnti. Hafnarnefnd ræddi drög áætlunar en gerði ekki athugasemdir við þær fyrir sitt leyti.

2. Dómur vegna dráttarbrautar

Dómur Héraðsdóms Norðurlands vestra í máli E-115/2008 lá fyrir fundinum. Í dómnum er hafnarsjóður sýknaður af kröfum stefnanda en gert að fjarlægja bátinn Auðbjörgu HU-6 af hliðfærslugörðum á eignarlóð stefnanda, Hafnarlóð 6. Sömuleiðis er hafnarsjóði gert að greiða stefnanda 400.000 kr. í málskostnað.

Sævar óskaði bókað að hann beini því til sveitarstjórnar að 250 þús kr. sem leigutaki dráttarbrautar var krafinn um vegna kostnaðar við að fjarlægjar Auðbjörgu HU 6 verði endurgreiddur.

Dómurinn var til kynningar.

3. Viðgerð á Ásgarði.

Fyrir fundinum lágu nokkur minnisblöð og samantektir um viðhald og viðgerðir á Ásgarði og öðrum köntum hafnarinnar. Gert var við kant á Ásgarði í haust og voru jafnframt kynntar áætlaðar kostnaðartölur vegna þeirrar aðgerðar. Heildarkostnaður er áætlaður tæpar 5 milljónir króna. Umræður urðu um viðgerðir og frágang á hafnarköntum. Ekki voru teknar ákvarðanir varðandi frekara viðhald en rætt um að fylgjast með ástandi og viðhaldspörf í ljósi fyrirliggjandi minnisblaða sem unnin hafa verið í samráði við Kristján Helgason hjá Siglingastofnun Íslands.

4. Grjótvörn á Útgarði.

Fyrir fundinum lá bréf sveitarstjóra til hafnarráðs þar sem óskað er eftir að hafnabótasjóður styrki endurgerð grjótgarðs við Útgarð á Skagaströnd. Einnig lá fyrir úttekt Kristjáns Helgasonar tæknifræðings Siglingastofnuar á grjótvörninni og þörf á úrbótum. Ekkert lá fyrir um viðbrögð við erindum vegna málsins.

Málið var til kynningar.



5. Síldarþrær

Fyrir fundinum lá minnisblað um rif á síldarþróum vegna erindis Fisk Seafood um heimild til að rífa vegggi gömlu síldrþronna við Hafnarlóð 9. Sveitarstjórn samþykkti rif þronna á fundi 20. apríl sl. Ekki lá fyrir hvort fyrirtækið hyggst ráðast í verkið. Málið var til kynningar.

6. Önnur mál.

Ekki voru mál undir þessum lið.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 17.30

Adolf H. Berndsen,

Árni Sigurðsson,

Sævar Hallgrímsson,

Gunnar Sveinsson,

Jóhann Sigurjónsson

Magnús B. Jónsson sveitarstjóri.